

Efni Athugasemd vegna fyrirhugaðst sorpsöfnunarsvæðis -Óskar L Arnarsson

Til : Vesturbyggð <Vesturbyggd@vesturbyggd.is>
Frá : Óskar L. Arnarsson <oskarar@gmail.com>
CC : Elfar Steinn Karlsson <elfar@vesturbyggd.is>;Inga Hlín Valdimarsdóttir <ingahlin@gmail.com>
Heiti : Efni Athugasemd vegna fyrirhugaðst sorpsöfnunarsvæðis -Óskar L Arnarsson
Málsnúmer : 2202042
Málsaðili : Vesturbyggð
Skráð dags : 09.05.2022 00:00:00
Höfundur : Óskar L. Arnarsson <oskarar@gmail.com>

Efni: Athugasemd vegna fyrirhugaðs sorpsöfnunarsvæðis

Undirrituð gera athugasemd við fyrirhugað sorpsvæði í útjaðri bæjarins Patreksfjarðar, á Vatneyrarengjum utan við Fjósadal.

Það skýtur skökku við að á meðan starfsmenn bæjarins og kjörnir fulltrúar tala um að minnka þurfi bílaumferð eða finna aðrar leiðir út af hafnarsvæði Bíldudals og framhjá byggðinni þar, mun skipulagstillaga um sorpsöfnunarsvæði Vestur-Barðastrandarsýslu á Patreksfirði leiða af sér meiri og þyngri umferð í gegnum bæinn og um íbúðahverfi. Fyrst að sorpsöfnunarsvæðinu og svo frá því aftur, því allt rusl er að lokum flutt annað, suður á Fíflholt á Mýrum eða til Reykjavíkur. Þessi aukna umferð mun leiða af sér meiri slyshættu og ónæði. Ef af verður með uppbyggingu laxasláturhúss á Vatneyri verður þessi umferð enn meiri. Suma daga má hafnarsvæðið varla við meiri umferð.

Það geta líka blásið vindar utan við þorpið, svo að veðurfarslega skýring á staðarvali heldur ekki vatni. Þeir sem vilja kynna sér það geta farið og séð hvernig timburúrgangur úr timburhaug og brotajárn úr brotajárnshaug sem nú eru staðsettir innan við Fjósadalsá er dreift um alla móa þar í kring.

Undirrituð hafa áhyggjur af möguleika á lyktarmengun sem gæti lagst yfir íbúabyggðina í innlögnum, sérstaklega á sumrin þegar hitna fer í sorphaugnum.

Þá vitum við ekki hvort að ofanflóðamat hefur verið gert á þessu svæði. Skipulagstillagan gerir ráð fyrir sorpsvæði í jaðri skriðukeilu neðan við gil úr fjallinu Skildi utan við Fjósadal. Stórgrýti í mounum á Vatneyrarengjum og bratti fjallsins gæti bent til mögulegrar hættu. Að ekki séu skráð ofanflóð þarna er vegna þess að hingað til hafa ekki verið skráð flóð sem falla utan Fjósadalsár utan byggðarinnar. Fjöldi snjóflóða falla þó utan þéttbýlis í Vesturbyggð, m.a. utan við Fjósadal á hverjum vetri án þess að þau séu skráð. Að byggja upp iðnaðarsvæði og beina umferð almennings inn á mögulegt hættusvæði þarf því að skoða betur.

Þá höfum við áhyggjur af grænum svæðum umhverfis bæinn Patreksfjörð. Iðnaðarsvæði og ruslasvæði eru allstaðar í kringum þorpið sem skerða lífsgæði og tækifæri til útivistar fyrir íbúa og gerir aðkomu að bænum úr öllum áttum óaðlaðandi.

Við viljum því biðla til sveitafélagsins að finna sorpsvæðinu aðra staðsetningu, annaðhvort á Mikladal innst í bænum og næst umferðaræðum út úr honum eða annarsstaðar. Þá vonum við að starfsmenn bæjarins og kjörnir fulltrúar muni reyna að koma skikki á ásýnd bæjarins.

Virðingarfyllst,
Óskar Leifur Arnarsson
Inga Hlín Valdimarsdóttir
Hólum 17, Patreksfirði.

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og gæta fyllsta trúnaðar, hvorki lesa efni þeirra né skrá þau hjá þér né notfæra þau á nokkurn hátt og tilkynna okkur samstundis að þau hafi ranglega borist þér. Brot gegn þessu varða bótaábyrgð og refsingu skv. 74. gr. laganna.

Please note that this e-mail and its attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged. If you have by coincidence or mistake or without specific authorization received this e-mail and its attachments we request that you notify us immediately that you have received them in error, uphold strict confidentiality and neither read, copy, nor otherwise make use of their content in any way.

Virus-free. www.avast.com